



11. fundur stjórnar LH 2024-2026
17. febrúar 2025 kl. 16:00
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Sveinn Heiðar Jóhannesson,

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, og Reynir Atli Jónsson, Jón Þorberg Steindórsson,

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Forföll boðuðu: Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Einnig mætt: Jónína Sif Eyþórsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Staða útbreiðsluverkefna á skrifstofu - JSE

• *Ný vefsíða – staðan*

Uppsetning vefsíðunnar er í vinnslu, velja útlitsþemu, hanna veftréð og raða efni af gömlu síðunni inn.

• *Teljarar á reiðstígum*

Verið er að skoða möguleika á að koma upp teljurum við helstu reiðleiðir innan hesthúsahverfanna líkt og eru staðsettir víða um borgina og á helstu ferðamannastöðum. Upplýsingar úr þessum mælum gæfu góðar upplýsingar um nýtingu á reiðvegum og stöðu hestamenskunnar sem almenningsíþróttar. Þá fáum við með þessu mælanlegar upplýsingar um þróun útreiða og getum mögulega kallað eftir auknum stuðningi og fjárveitingu frá sveitarfélögum og/eða Vegagerðinni, byggt á þeim fjölda sem nota reiðstígana. Upplýsingar úr mælunum birtast í rauntíma og hægt er að tengja þá við Borgarvefsjána. Kostnaður við að koma upp einum varanlegum teljara er rúmar 800.000 kr.

Einnig er hægt að leigja einn færanlegan teljara til reynslu á kr. 124.000 á ári, sem hægt væri að færa á milli hesthúsahverfa.

Afgreiðsla: Samþykkt að leigja einn teljara til prufu og láta hann ganga á milli hesthúsahverfa.

• *Hestadagar í Reykjavík 1. til 4. maí.*

Undirbúningur hestadaga í Reykjavík miðar vel. Þungamiðja dagskránnar verður í Húsdýragarðinum. Einnig verið að vinna í að endurvekja sýninguna Æskan og hesturinn og undirbúa viðburði á fleiri stöðum um borgina.

• *Efst á baugi – greinar á vef LH*

Hugmyndir að mikilvægum málefnum til að skrifa um:

- FEIF og mikilvægi alþjóðasamstarfs
- Hestavelferðarmál
- Mikilvægi æskulýðsstarfs og nýliðunar



- Háskólinn á Hólum og Hvanneyri
- Mikilvægi hestamennsku í menningarlegu samhengi
- Hagstærð hestamenskunnar
- Mikilvægi öryggismála fyrir hestamenn
- Samfélag íslenska hestsins – ert þú í hestamannafélagi?

Afgreiðsla: Stjórnarfólki falið að velja sér málefni til að fjalla um.

- “Ert þú í hestafélagi?” áttak frá LH og félögum kringum landið

Hestamannafélögin hafa fengið sent efni sem þau geta nýtt sér á sínum vef- og samfélagsmiðlum. Nokkur hestamannafélög hafa brugðist við og birt hvatningu um að skrá sig í félagið.

- Morgunfundir formanna hestamannafélaga?

Rætt um að hafa reglubundna morgunfundi þar sem rætt er um ákveðin málefni, með formönnum, stjórnarmönnum félaga eða mótanefndum.

Jónína Sif vikur af fundi.

3. Fjármálin - Gjaldkeri

- Nú liggur fyrir úthlutun úr Afreksjóði ÍSÍ vegna nýs afreksfjár vegna 2025. LH hlýtur til afreksmála rúmar 9 millj. kr. til viðbótar þeim rúmu 11 millj. sem áður var úthlutað. Þetta kemur sér afar vel og breytir stöðunni hvað afreksmálin varðar, en þó er enn langt í land að endar nái saman í fjármögnun afreksmála LH.
- Sportfengur – formaður LH og formaður tölvunefndar munu óska eftir fundi með RML til ræða stöðuna á Sportfeng. Lagt til að hækka gjald í Sportfeng um 100 kr. pr. skráning til að mæta kostnaði vegna aukinnar þjónustu við mótahaldið.
Afgreiðsla: Samþykkt.

Þórhildur Katrín vikur af fundi.

- Valgreiðslur
Samþykkt að senda út valgreiðslur að fjárhæð 2.500 kr. til aðildarfélaga LH 18 ára og eldri, með gjalddaga 2. apríl og eindaga 31. desember. Upphæð 2500.
- ÍSÍ hvetur aðila innan íþróttahreyfingarinnar að skrá félög á Almannaheillaskrá Skattsins vegna skattalegs hagræðis:
 - Undanskilin greiðslu fjármagnstekjuskatts eru þeir aðilar í íþróttahreyfingunni sem eru skráð í almannaheillaskrá Skattsins.
 - Rekstraraðilum er heimill skattafrádráttur upp að 1,5% af rekstrartekjum ársins vegna styrkja til íþróttahreyfingarinnar að því gefnu að styrkþegi sé skráður í almannaheillaskrá Skattsins.
 - Einstaklingum er heimill 350.000 kr. skattafrádráttur vegna styrkja til íþróttahreyfingarinnar að því gefnu að styrkþegi sé skráður í almannaheillaskrá Skattsins.

Afgreiðsla: Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að koma LH á almannaheillaskrá.



e. Hæfileikamótun

Lagt er til að dagskrá kennsluhelga verði þéttari, þær hefjist að morgni laugardags og ljúki seinni part á sunnudegi, en með sömu kennslu og áður. Þannig er gistináttum fækkað um helming. Eldhestar hafa gefið okkur gott tilboð í þær helgar sem eftir eru.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Staða verkefna hjá formanni og framkvæmdastjóra

Ýmis verkefni og símtöl sem detta á borð formanns og framkvæmdastjóra og formaður og starfsmenn taka fundi í hverri viku.

5. Staða verkefna í nefndum

Landsliðsnefnd: Mikill kraftur í fjáröflun og margir fundir teknir með mögulegum styrktaraðilum. A-landsliðsþjálfari er að heimsækja landsliðsknapa um þessar mundir og taka stöðuna á þeim fyrir HM.

Undirbúningshópur er að skipuleggja Allra sterkustu sem verður haldið 19. apríl, laugardag um páska í Spretti. Fundur verða teknir með Eiðfæxa, Alendis og RUV í vikunni varðandi umfjöllun um landsliðið fram yfir HM.

Tölvunefnd: Verið að testa þá hluti hafa verið forritaðir nýlega í kerfinu.

Æskulýðsnefnd: Búið að skipuleggja fundi með æskulýðsnefndum um allt land til að ræða samstarf æskulýðsnefnda félaganna og heyra hvað brennur á þeim.

HOI: Fundur var í HOI í síðustu viku þar sem rætt var um þátttöku í sýningum framundan til dæmis Equitana. Stjórn FEIF hefur tekið ákvörðun um að hætta að styrkja verkefnið og nefndar voru þrjár ástæður fyrir því. Stjórn FEIF telur að Horses of Iceland hafi lagt of mikla áherslu á að auglýsa samstarfsaðila, umræða um blóðmerahald á Íslandi og óvissa um fjárhag og starfsmannakostnað FEIF, sem hefur leitt til þess að þau reyna að skera niður kostnað eins mikið og mögulegt er.

Útbreiðslunefnd: Fundur var í útbreiðslunefnd þar sem fjallað var um Hestadaga og velt upp hugmyndum að viðburðum.

6. Verkefnalisti stjórnar

Farið var yfir verkefnalista stjórnar.

7. Stefnumótunarvinna

Nauðsynlegt er að fá einhvern utanaðkomandi til að stýra stefnumótunarvinnu, mögulega væri hægt að fá fyrirtæki til að styrkja LH um þá vinnu að einhverju leiti

Afgreiðsla: Formanni og gjaldkera falið að koma með drög að stefnumótunarvinnu fyrir næsta fund.

8. ÍSí - framboð fulltrúa í stjórn ÍSí -

Þórdís Anna Gylfadóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér til stjórnar ÍSí. Skipting fulltrúa á þinginu hefur verið gefin út og eru stór hluti atkvæða á höndum fárra félaga.

Afgeiðsla: Formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.



9. Fundur með hestamannafélögum á Norður- og Austurlandi

Í tengslum við Áhugamannadeild Norðurlands er boðað til fundar með formanni og stjórnarmönnum LH og formönnum/stjórnnum hestamannafélaga á Norðurlandi og Austurlandi, frá Þyt í vestri til Freyfaxa í austri.

Fundurinn verður haldinn í Reiðhöll Léttis, laugardaginn 22. Febrúar kl. 10-12.

Drög að dagskrá:

Mál sem eru efst á baugi hjá LH

Samskipti LH við félögin

Fundarferð æskulýðsnefndar LH

Taðlosunarmálin

LM 2026 - Skagfirðingur

Stefnumótun LH

Önnur mál

10. Farvegur dýraeftirlits innan stjórnarsýslunnar - samtal við ráðherra

Samtal hefur verið í gangi milli Dýraverndarsambands Íslands, Félags tamningamanna og Félags hrossabænda ásamt LH, um að senda áskorun á stjórnvöld að finna eftirliti með velferð dýra viðunandi farveg, og biðja um fund með ráðherra í kjölfarið.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

11. HestOrka – beiðni um stuðningsyfirlýsingu

Hestorka í samstarfi við Háskóla Íslands er að þróa lausnir við nýtingu og vinnslu hrossataðs. Verkefnið er á frumstigi og í því ferli að sækja um styrkti frá Rannís. Óskað er eftir stuðningsyfirlýsingu LH sem myndi fylgja með umsókninni til Rannís.

Afgreiðsla: Samþykkt. LH fagnar öllum verkefnum sem stuðla að því að leysa þann vanda sem hestamenn standa frammi fyrir varðana losun á hrossataði.

12. Önnur mál

a. Starfshópar eftir Landsþing – staðan

Starfshópur um innanhússmót: Sveinn boðar fyrsta fund í næstu viku.

Starfshópur um Íslandsmót – Anna Björk kemur inn í hópinn f.h. Sörla og Ólafur Þóris f.h. LH.

Fundi slitið kl. 19:00